

33. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 28. nóvember 2001 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks. Sigrún Þórsteinsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Gunnar flutti skýrslu grunnskóla.

Hafinn er undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Unnið er að skipulagsbreytingum í skólanum.

Verið er að ljúka frágangi á brunavarnarmálum.

Bekkjarkvöld eru í gangi, hér var sýnt leikrit og tónleikar á vegum “Tónlistar fyrir alla”.

Fiskiskipið Dröfn kom í heimsókn og var með fræðslu fyrir nemendur 10. bekkjar.

Útkoma úr samræmdum prófum 4. og 7. bekkjar er komin. Í 7. bekk var sama meðaleinkun og á landsvísu í íslensku eða 6,7. Í stærðfræði var meðaleinkun rétt yfir landsmeðaltali. Í 4. bekk var meðaleinkun 6,5 sama og landsmeðaltal en í stærðfræði 6,4, þar var landsmeðaltal 6,5.

Þá er jólaundirbúningur að hefjast í skólanum.

Gunnar svaraði framkomnum fyrirspurnum.

2. Aðkoma að barnaskóla við Skólastíg.

Nefndin er sammála því að umræddur vegkaflí sé gerður að einstefnu þ.e. frá Skólastíg 13 að Skólastíg 9 í norður, en telur skynsamlegt að þessi regal gildi allt árið.

3. Önnur mál.

a) Næsti fundur ákveðinn 12.12. kl. 17:00.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:50.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Róbert Jörgensen (sign.),
María Ólafsdóttir (sign.)
Ragna S. Eyjólfsdóttir (sign.),
Steinunn I. Magnúsdóttir (sign.),
Nanna Einarisdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.).

Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Herborg S. Sigurðardóttir (sign.),
Katrín Gísladóttir (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.).

Íhs.